

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur ákveðið eftirfarandi gjöld fyrir þjónustu fráveitu:

Fráveituheimæðargjald, tengigjald við fráveitu í götu*.

<i>Evermál lagnar DN</i>	<i>Heimæð** 0-10 metrar, kr.</i>	<i>Verð á metra umfram 10 m**, kr.</i>
Nýbyggingarsvæði 150 mm	368.985	40.999
Nýbyggingarsvæði 200 mm	429.373	47.711
Nýbyggingarsvæði 250 mm	494.031	54.893
Gróið svæði 150 mm	478.697	54.910
Gróið svæði 200 mm	547.549	62.775
Gróið svæði 250 mm	616.397	70.707

* Miðast við þvermál lagnar og lögn frá lóðamörkum að stofnræsi, sbr. 13. gr. laga nr. 9/2009.

** Innifalið er skólplögn og regnvatnslögn, efni og vinna.

Gjald vegna losunar rotþróa pr. ár. 33.600 kr.

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkun byggingarvísitölu.

Þegar leggja á skólplögn skal alltaf leggja regnvatnslögn með.

2. gr.

Fráveitugjald er lagt á fasteignir samanber 14. gr. laga nr. 9/2009 og nemur 0,093% af heildarfasteignamati íbúðarhúsnæðis og 0,116% af öðru húsnæði. Gjald dagar fráveitugjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts.

Tengigjald er greitt fyrir fram.

3. gr.

Ef gera þarf sérstakar ráðstafanir vegna hæðar eða legu mannvirkis, svo og ef húsbyggjandi velur að óska eftir fleiri tengingum fellur tilfallandi viðbótarkostnaður vegna þessa á viðkomandi fasteign.

4. gr.

Ef viðkomandi lóðarhafi nýtir sér ekki þegar gerðar tengingar er heimilt að krefja hann um gjald fyrir aftengingu ónýtttra lagna sem nemur kostnaði við þá framkvæmd.

5. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarráði 30. nóvember 2023 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 4. desember 2023. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1526/2022.

Hafnarfirði, 18. desember 2023.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri.